

Starfs- og verknám í hestamennsku á framhaldsskólastigi

Hestasveinn (starfsmenntanám á þrepi 2)

Starfslýsing: Hestasveinn vinnur sem aðstoðarmaður á hestabúgörðum, hestaleigum eða öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Hann sinnir helstu verkþáttum er lúta að hirðingu hesta og aðstoðar við þjálfun þeirra. Hann aðstoðar viðskiptavini í lengri og skemmri hestaferðum hjá hestaleigum og getur leiðbeint þeim um grunnþætti hestamennsku.

Hæfnikröfur:

- Hestasveinn hefur færni til að sinna grunnþáttum er lúta að hirðingu og aðbúnaði hesta.
- Hann hefur góða færni í eigin reiðmennsku, getur riðið allar gangtegundir íslenska hestsins með viðeigandi ásetu hverju sinni.
- Hann þekkir helstu aðferðir við þjálfun hrossa og getur aðstoðað við fjölbreytta og faglega þjálfun hests.
- Hann getur metið ástand hrossa og veit hvenær þarf að leita aðstoðar til úrlausnar heilsufarslegum vandamálum
- Hann getur farið með leikmenn og byrjendur í styttri reiðtúra og haldið utan um hóp á hestbaki.
- Hann getur miðlað þekkingu sinni á grunnatriðum fagsins og samspils þess við náttúruna til viðskiptavina.
- Hann er meðvitaður um öryggisatriði fagsins og getur miðlað almennum reglum um öryggismál til viðskiptavina út frá aðstæðum.
- Hann er fær um að rökræða hugtök og fagleg atriði greinarinnar.
- Hann getur brugðist rétt við algengustu óhöppum sem upp koma við ástundun hestamennsku